

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 1. apríl 2011 í máli nr. S-918/2010:

Ákærvaldið

(Dröfn Kærnested aðstoðarsaksóknari)

gegn

Ingvari Árna Ingvarssyni

(Guðjón Ólafur Jónsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 17. mars sl., er höfðað með ákæru útgefni af ríkissaksóknara 15. desember 2010 á hendur Ingvari Árna Ingvarssyni kt. [...], Sandvaði 11, Reykjavík, fyrir ólögmdæta nauðung og sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa fimmtudaginn 31. desember 2009, með ofbeldi dregið fyrrum sambýliskonu sína, A, inn í íbúð sína að Sandavaði 11 í Reykjavík, haldið henni þar nauðugri og veist að henni, rífið í hár hennar, slegið hana margsinnis í andlit og líkama, sparkað í fætur hennar og hótad henni lífláti og líkamsmeiðingum. Er A hugðist flýja íbúðina með því að fara fram af svölum reif ákærði í hár hennar og sló hana með þeim afleiðingum að hún féll 4 metra fram af svölunum og niður á verönd íbúðar á jarðhæð. Við þetta hlaut A framhandleggs- og únlíðsbrot, spjaldbeinsbrot, mjaðmarbeinsbrot, skurð á enni, mar neðan við hægra auga og víðsvegar um líkamann.

Er þetta talið varða við 225. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá hefur verið lögð fram einkaréttarkrafa af hálfu brotþola á hendur ákærða til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 1.222.968 krónur ásamt vöxtum af 1.067.740 krónum samkvæmt 8., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 31. janúar 2009 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að krafan er kynnt fyrir ákærða en frá þeim degi af 1.222.968 krónum með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. laganna allt til greiðsludags.

Í þinghaldi 7. febrúar sl., var sakamál nr. 40/2011 þingfest á hendur ákærða. Er það höfðað með ákæru ríkissaksóknara útgefni 28. janúar 2011 á hendur ákærða fyrir að hafa árið 2010 framið eftirtalin hegningarlagabrot:

1.

Hótun, með því að hafa miðvikudaginn 23. nóvember sent eða látið senda eftirfarandi skilaboð úr tölvu á ofangreindu heimili sínu, í farsímanúmerið [...] í eigu Stefaníu G. Sigurðardóttur: „*sonur tinn verður limlestur fyrir að fyrirskipa aras a heimilid hans ingvars og lifykkar lagt i rust*“. Var háttsemin til þess fallin að vekja með Stefaníu ótta um líf, heilbrigði og velferð sína og sonar.

Er þetta talið varða við 233. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 82/1998.

2.

Tilraun til fjárkúgunar, með því að hafa, aðfaranótt fimmtudagsins 24. nóvember sent A skilaboð með samskiptaforritinu Facebook þar sem hann hótaði henni og bróður hennar líkamsmeiðingum eða lífláti ef hún greiddi ekki tvær milljónir króna inn á bankareikning hans fyrir lokun banka á föstudag. Í skilaboðunum sagði meðal annars: „*ég mun ekki hætta fyrr en ég er búinn að eyðileggja líf þitt gjörsamlega og bróðir þins líka, það munu stelpur ganga frá þér og útlendingar frá bróðir þínum, ef ég væri þú þá myndi ég flytja úr landi því ég hætti ekki fyrr en ég fer í fangelsi eða verð drepinn*“. Var háttsemin til þess fallin að vekja með A ótta um líf, heilbrigði og velferð sína og bróður síns.

Er þetta talið varða við 251. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði viðurkennir að hafa gerst sekur um ólögmdæta nauðung samkvæmt ákæru 15. desember 2010. Að öðru leyti neitar hann sök. Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar að því leyti er ákærði játar sök. Að öðru leyti krefst hann sýknu, að skaðabótakröfu verði vísað frá dómi og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Ákæra 15. desember 2010.

Fimmtudaginn 31. desember 2009 kl. 14.54 barst lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu tilkynning um að slys hefði orðið að Sandavaði 11 í Reykjavík. Fram kemur að samkvæmt tilkynningu hafi kona fallið fram af svölum. Væru sjúkraflutningamenn einnig á leið á staðinn. Í frumskýrslu kemur fram að á meðan lögreglumenn hafi verið á leið á staðinn hafi borist tilkynning þess efnis að konunni hafi verið fleygt fram af svölum. Fram kemur að er lögreglumenn hafi komið á vettvang hafi A, brotþoli í málinu, ásamt B, verið framan við húsið. Hafi brotþoli verið með sjáanlega áverka í andliti og á vinstri hendi. Ekki hafi verið hægt að ræða við brotþola vegna ástands hennar. B hafi tjáð lögreglu að hún hafi komið að Sandavaði ásamt brotþola en brotþoli hafi ætlað að sækja hunda sína til fyrrum sambýlismanns síns, Ingvars Árna Ingvarssonar, ákærða í máli þessu. Hafi

B beðið í bifreið sinni á meðan brotapolí hafi farið inn í íbúð til ákærða. Síðar hafi B orðið þess áskynja að brotapolí hafi fallið fram af svölum íbúðar ákærða. Hafi B komið brotapóla til aðstoðar. Hafi brotapolí tjáð B að ákærði hafi slegið brotapóla með krepptum hnefa í andlit og fleygt henni fram af svölum íbúðar sinnar.

Í frumskýrslu kemur fram að Ólafur Bergsteinn Ólafsson hafi gefið sig á tal við lögreglu á vettvangi. Hafi Ólafur greint frá því að íbúð hans væri við hlið íbúðar ákærða í húsinu. Hafi Ólafur verið inni í íbúðinni þegar hann skyndilega hafi heyrt öskur frá íbúð ákærða. Við það hafi hann gengið út á svalir íbúðar sinnar. Hafi hann þá séð brotapóla liggja slasaða á verönd neðan við íbúð ákærða. Hafi Ólafur hugað að brotapóla. Þá kemur fram að Jóhann Ragnar Júlíusson hafi greint lögreglu frá því að ákærði hafi komið til Jóhanns eftir atvikið og greint frá því að brotapolí hafi fleygt sér fram af svölum íbúðar ákærða. Hafi Jóhann ráðlagt ákærða að koma sér burtu áður en lögregla kæmi á vettvang. Hafi Jóhann ráðlagt ákærða þetta þar sem ákærði hafi verið sannfærður um að ákærði yrði handtekinn og látinn gista fangageymslur.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var brotapolí flutt á slysa- og bráðamóttöku Landspítala háskólasjúkrahúss. Þá kemur fram að knúið hafi verið dyra á íbúð ákærða. Enginn hafi svarað og hafi verið ákveðið að kalla til lásasmið til að komast inn í íbúðina. Á meðan beðið hafi verið eftir lásasmið hafi Jóhann Ragnar upplýst að ákærði væri ekki heima. Þá hafi hann upplýst að Jóhann væri með lykla að íbúð ákærða og hafi hann opnað fyrir lögreglu.

Samkvæmt skýrslu rannsóknardeildar lögreglu frá sama degi var vettvangur að Sandavaði 11 rannsakadur af lögreglu. Þá kemur fram að rannsóknarlögreglumadur hafi farið á slysideild og rætt við brotapóla. Hafi brotapolí verið þjád af meiðslum. Að gættum ákvæðum laga nr. 88/2008 um skýrslugjöf vitna hafi brotapolí greint frá því að hún hafi tveim dögum áður farið að heimili ákærða til að sækja tvo hunda, en brotapolí og ákærðu áttu saman hunda. Brotapolí og ákærði hafi verið í sambúð í nokkur ár en þau hafi slitið henni um ári fyrir atburðinn. Hafi ákærði verið farinn að hitta aðra konu og brotapolí því talið að ákærði væri „kominn yfir“ brotapóla. Í upphafi hafi allt verið gott á milli þeirra og þau rætt um margt og nokkuð lengi. Síðan hafi ákærði skyndilega spurt brotapóla út í strák sem brotapolí hafi verið með úti í Danmörku, en brotapolí byggi þar. Hafi ákærði viljað fá að vita nafnið á drengnum. Hafi brotapolí byrjað með umræddum dreng um 2 til 3 mánuðum eftir að brotapolí og ákærði hafi slitið samvistir. Hafi brotapolí ekki viljað segja ákærða frá nafni drengsins en ákærði tjáð brotapóla að hún færi ekki út úr íbúðinni fyrr en brotapolí greindi frá því. Hafi brotapolí farið í vesti og ætlað út en ákærði þá sagt að hún væri ekki að fara fyrr en brotapolí segði honum allt. Brotapolí væri ekki að fara í nýársfagnað, hún yrði með glóðarauga. Hafi ákærði hent brotapóla í sófa í stofunni, sparkað í hana og klipið hana í handlegg þannig að brotapolí hafi fengið marblett. Hafi brotapolí orðið mjög hrædd við ákærða og sagt honum allt sem hann hafi viljað vita. Fimmtudaginn 31. desember 2009 hafi brotapolí á ný farið heim til ákærða. Hafi ákærði sent brotapóla símaskilaboð um að hún gæti sótt hundana. Væri ákærði veikur og gæti hann ekki farið með hundana til brotapóla. Myndi hann ekki gera brotapóla neitt. Hafi brotapolí verið mjög hrædd og því beðið vinkonu sína, B, að fara með brotapóla til ákærða. Hafi brotapolí farið upp í íbúð til ákærða á meðan B hafi beðið niðri en hún hafi ætlað að fylgjast með brotapóla. Ákærði hafi opnað dyrnar og sagt brotapóla að koma inn. Hafi brotapolí synjað því. Um leið hafi ákærði ráðist á brotapóla og

dregið brotþola inn í forstofu íbúðarinnar. Hafi hann hent brotþola í gólfið og byrjað að slá hana í síðuna. Hafi brotþoli öskrað á hjálp og gripið í rimlagardínu fyrir glugga í forstofunni. Hafi ákærði sagt brotþola að „steinhalda kjafti“ og að brotþoli kæmist ekki lifandi út úr íbúðinni. Jafnframt hafi hann tjáð brotþola að hann ætlaði að klippa og raka af henni hárið og mölva á henni andlitið. Hafi ákærði verið með boxhanska á sér. Ætti lögregla að finna skæri og rafmagnsrakvél í íbúð ákærða, en ákærði hafi verið búinn að taka þessa hluti til. Ákærði hafi því næst dregið brotþola inn í íbúðina, hent henni í gólfið og slegið brotþola í andlitið hægra megin. Síðan hafi hann hent brotþola í sófa í stofunni og sagt brotþola að vera grafkyrr. Ef brotþoli stæði upp myndi ákærði ganga frá brotþola. Hafi ákærði sagt að hann ætlaði að ná sér í glas af vatni og í því skyni farið inn í eldhús íbúðarinnar. Hafi brotþoli þá reynt að fara út á svalir íbúðarinnar. Hafi brotþoli kallað margoft á hjálp og reynt að komast fram af svölunum. Ákærði hafi náð brotþola og dregið hana aftur inn í íbúðina. Hafi hann tjáð brotþola að brotþoli kæmist ekki lifandi út úr íbúðinni. Hafi ákærði skipað brotþola að setjast í sófann en ákærði ætlaði í inn í eldhúsið til að ná sér í vatn. Hafi brotþoli hugsað með sér að hún þyrfti að komast út á svalir. Hafi hún metið stöðuna þannig að eini möguleiki hennar til að komast út úr íbúðinni væri að fara fram af svölunum. Hafi brotþoli verið mjög hrædd um líf sitt og að hún kæmist ekki út um hurð íbúðarinnar. Hafi brotþoli fíkrað sig nær svalahurð íbúðarinnar. Hafi hún haldið á öðrum hundinum og verið að klappa honum. Ákærði hafi þá farið inn í eldhús íbúðarinnar. Í því hafi brotþoli hent frá sér hundinum og hlaupið að svalahurðinni, náð að opna hana, farið út á svalirnar og upp á svalahandriðið. Ákærði hafi náð brotþola, rífið í hár hennar og kýlt hana í andlitið. Hafi brotþoli náð að rífa sig lausa en við það misst jafnvægið og dottið fram af svölunum. Þar sem hún hafi ekki verið í jafnvægi hafi hún ekki náð að stýra fallinu. Hafi hún lent á vinstri hliðinni á hellulagðri verönd. Hafi hún verið sárkvalin og átt mjög erfitt með að standa upp. Hafi brotþoli öskrað á hjálp. Fólk úr íbúð við hlið íbúðar ákærða hafi komið út og hjálpað brotþola. Kvaðst brotþoli hafa óttast mjög um líf sitt í íbúðinni. Hafi hún aldrei áður séð ákærða eins heiftúðugan. Þá hafi ákærði aldrei áður lagt hendur á brotþola með þeim hætti er hann hafi gert.

Í skýrslu lögreglu kemur fram að rannsóknarlögreglumáður hafi í framhaldi skýrslutöku af brotþola farið aftur í íbúðina að Sandvaði. Í stofu á borði við hlið eldhússins hafi verið skæri og rakvél. Þá hafi verið glas með vatni í við eldhúsvask. Boxhanskar hafi verið í stofu íbúðarinnar. Lögreglumáður hafi náð símasambandi við ákærða. Hafi honum verið gerð grein fyrir því að hann þyrfti að mæta strax til yfirheyrslu. Hafi ákærði gert grein fyrir því að hann væri í andlegu sjokki og treysti sér ekki til að mæta til skýrslutöku. Hann væri einnig búinn að drekka þrjá bjóra. Á meðal rannsóknargagna málsins eru ljósmyndir er rannsóknardeild lögreglu hefur tekið í íbúðinni að Sandvaði 11 í Reykjavík 31. desember 2009.

Herbert Agnarsson sérfræðingur á slysa- og bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss hefur 29. janúar 2010 ritað læknisvottorð vegna komu brotþola á slysadeild 31. desember 2009 kl. 14.50. Í vottorðinu kemur m.a. fram að brotþoli hafi grátið við skoðun og verið í andlegu áfalli. Hafi brotþoli hlotið brot á framhaldleggsbeinum. Einnig hafi hún hlotið brot á mjöðm og spjaldbeini. Þá hafi hún verið með skurð á enni. Ingi Karl Reynisson læknir hefur 8. janúar 2010 ritað læknisvottorð vegna komu brotþola á slysadeild Sjúkrahúss Akraness 7. janúar 2010. Fram kemur að brotþoli hafi komið í fylgd lögreglumanna, en sérstaklega hafi verið óskað eftir að fram kæmi álit læknisins á því hvort áverkar væru á

brotapola sem samræmdust því að vera eftir högg eða barsmíð með krepptum hnefa. Í vottorðinu kemur fram að við skoðun á höfði sé brotapolí með sár yfir vinstri augabrún með plástur yfir. Einnig sé mar neðan við hægra auga sem samrýmst vel hnefahöggi. Brotapolí væri aum á fremri hálsvöðvum. Við skoðun á hægri handlegg væri brotapolí með stóran marblett um 4 x 5 cm yfir upphandleggsvöðva og tvo minni innanvert á upphandlegg sem gæti samrýmst hnefahöggi eða að einhver hafi gripið um handlegginn. Þá væri brotapolí með mar yfir framhandlegg sem gæti samrýmst hnefahöggi. Við skoðun á baki sjáist bólga rétt ofan við rófubein en ekki mar. Sé hún mjög aum við þreifingu þar. Á hægra hné séu marblettir bæði rétt ofan við hnéskel og á innanverðu hné sem brotapolí segi vera vegna sparks. Geti marblettir samrýmst því.

Ákærði gaf skýrslu vegna málsins hjá lögreglu 1. janúar 2010. Þá gaf hann skýrslu við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Ákærði kvaðst hafa verið í sambúð með brotapolá. Því sambandi hafi lokið og ákærði verið byrjaður að hitta aðrar konur. Brotapolí hafi farið að hringja aftur í ákærða og viljað að þau myndu byrja sambandið á nýjan leik. Hafi ákærði beðið brotapolá að hætta að vera að hringja í sig og hætta að vera að rugla í ákærða. Frá sambúðartíma hafi þau átt saman tvo hunda. Skömmu fyrir þann atburð sem málið snúist um hafi brotapolí komið á heimili ákærða og á ný óskað eftir því að þau myndu byrja saman. Hafi ákærði hafnað þeim óskum hennar. Hafi hún þá viljað að þau myndu borða saman á nýársdag 2010 og ákærði samþykkt það. Brotapolí hafi komið á heimili ákærða á nýársdaga til að sækja hundana. Þá hafi verið komið annað hljóð í strokkinn og brotapolí þá ekki viljað fara út að borða með ákærða á nýársdag. Hafi brotapolí greint ákærða frá því í símtali áður en hún hafi komið til ákærða. Samt sem áður hafi hún viljað að þau tvö myndu byrja saman aftur. Þennan dag hafi brotapolí verið við dyrnar á heimili ákærða. Hafi ákærði gripið í öxl eða kraga á yfirhöfn brotapolá og dregið hana inn í anddyri íbúðarinnar, en það hafi hann gert þar sem brotapolí hafi ekki viljað ræða málin. Brotapolí hafi streist á móti og gripið í hurðakarminn. Hafi hún sennilega einnig gripið í rimlagarðinur í forstofu, sem brotnað hafi við atganginn. Ákærði hafi dregið hana inn á gólf í íbúðinni og sagt henni að hún færi ekki út úr íbúðinni fyrr en ákærði fengi einhverjar útskýringar á hegðun brotapolá. Hafi ákærða ekki fundist sanngjarnt að brotapolí væri að jagast í honum eftir sambandsslitin, sem ákærði hafi tekið nærri sér. Hafi ákærði boðið brotapolá vatnsglas og í því skyni farið inn í eldhús íbúðarinnar. Ekki myndi ákærði hvort brotapolí hafi setið í sófa í stofunni á meðan, en hún hafi verið grátandi. Hafi hún lýst einhverjum tilfinningum í garð ákærða, sem hann hafi átt erfitt með að skilja. Hafi hún verið með annan hundinn í fanginu. Ákærði hafi ekki beitt brotapolá neinu ofbeldi í íbúðinni. Ekki væri hins vegar útilokað að ákærði hafi að einhverju leyti gripið í hár brotapolá er hann hafi dregið hana inn í íbúðina. Þá kvaðst ákærði ekki hafa slegið brotapolá í andlitið með boxhanska svo sem hún héldi fram. Ákærði hafi ekki hótað brotapolá með neinu móti, hvorki lífláti né beinbrotum. Brotapolí hafi tekið sig til og farið út á svalir íbúðarinnar. Hafi ákærði farið á eftir henni og ætlað að grípa hana. Hafi hann runnið til í snjó á svölum íbúðarinnar um leið og hann hafi náð að grípa í yfirhöfn hennar. Brotapolí hafi þá verið komin yfir handriðið, verið í lóðréttri stöðu og haldið í það. Ákærði hafi sjálfur verið beygður yfir handriðið, með handlegginn yfir brotapolá og haldið aftan í yfirhöfn hennar á bakinu. Í því hafi brotapolí misst tak sem hún hafi haft á svalahandriðinu og fallið niður á jörðina fyrir neðan svalirnar. Hafi tak ákærða á henni ekki verið það gott að

hann hafi getað haldið henni fastri. Allt hafi þetta gerst á sekúndubroti. Við fallið hafi brotþoli öskrað á hjálp. Ákærði hafi ekki séð hvernig hún hafi lent. Engin orð hafi fallið þeirra á milli í aðdraganda fallsins. Ákærði hafi verið í miklu ójafnvægi og farið upp til vinar síns á næstu hæð fyrir ofan. Að því er varðar áverka brotþola kvað ákærði ekki útilokað að áverki á öxl hafi komið vegna ákærða þegar hann hafi tekið hana inn í íbúðina. Að öðru leyti væru áverkar á henni ekki af völdum ákærða. Hafi hann ekki slegið hana í búkinn svo sem ákæra miði við. Þá hafi hann ekki sparkað í fætur hennar eða rifið í hár hennar. Í skýrslu hjá lögreglu 1. janúar 2010 greindi ákærði frá því að brotþoli hafi verið rauð á enninu. Það hafi örugglega komið fyrir brotþola er ákærði hafi dregið hana inn í anddyri íbúðarinnar.

Brotþoli gaf skýrslu hjá lögreglu 26. október 2010 og við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Umræddan dag kvaðst brotþoli hafa farið á heimili ákærða til að ná í hunda er þau ættu saman. Hafi brotþoli óttast ákærða og því beðið vinkonu sína um að koma með heim til hans. Hafi brotþoli hringt dyrasíma heima hjá ákærða og beðið hann um að koma niður með hundana. Það hafi hann ekki viljað. Hafi hún beðið vinkonuna um að fylgjast með sér er hún færi inn til ákærða. Hafi hún gægst inn um hurð á íbúð ákærða. Ákærði hafi um leið gripið í hana og dregið hana inn í íbúðina. Hafi brotþoli reynt að grípa í eitthvað til að hún færi ekki inn í íbúðina en það hafi ekki borið árangur. Hafi hún m.a. gripið í gardínu í anddyri, sem brotnað hafi við atganginn. Ákærði hafi umsvifalaust skellt brotþola utan í skáp í anddyrinu. Brotþoli hafi lent í gólfinu og ákærði sest yfir hana og sagt henni að hann ætlaði að raka hárið af henni, auk þess sem hann ætli sér að lemja hana. Ákærði hafi slegið hana þrjú högg í andlitið og tekið hans kverkataki með báðum höndum. Inni í íbúðinni hafi hann verið kominn með boxhanska á aðra hendi. Með honum hafi hann slegið í síðu brotþola. Er brotþoli hafi setið í sófa í stofunni hafi ákærði sparkað í lappir hennar og sparkið komið á hnjásvæðið. Eftir þetta hafi brotþola tekist að komast út á svalir íbúðarinnar og hrópa á hjálp. Ákærði hafi dregið hana aftur inn í íbúðina og lokað svalahurðinni. Eftir það hafi hann farið inn í eldhús íbúðarinnar og brotþoli setið í sófa í stofunni. Hafi hún tekið þá ákvörðun að reyna aftur að komast út á svalir og fara fram af þeim, en ákærði hafi haldið henni nauðugri í íbúðinni. Hafi hann sagt henni að hún fengi ekki að fara. Allt væri henni að kenna. Hafi hún verið að klappa hundinum í stofunni er hún hafi skyndilega stökkið á fætur og að svalahurðinni. Í skýrslutöku hjá lögreglu 26. október 2010 greindi brotþoli frá því að um 4 metrar væru frá efri brún handriðs og niður á jörð. Hafi hún ætlað að fara yfir handriðið og láta sig síðan síga niður á jörðina fyrir neðan. Við aðalmeðferð málsins bar brotþoli að ákærði hafi komið á eftir henni. Hafi hún verið komin ofan á svalahandriðið er ákærði hafi náð henni og hún því verið lárétt á handriðinu. Hafi hann slegið til hennar og höggið komið á bak hennar. Einnig hafi hann rifið í hár hennar. Brotþoli hafi á þeim tíma er hún hafi fengið höggið snúið að ákærða því hún hafi ætlað þannig niður. Sökum þess hvernig atburðarásina hafi borið að hafi hún ekki séð ákærða koma heldur einungis heyrt í honum og skyndilega fundið fyrir högginu er ákærði hafi slegið hana með hnefanum. Í skýrslutöku hjá lögreglu bar brotþoli að ákærði „nær í rassgatið á mér, rífur í hárið á mér og kýlir mig. Ég missi jafnvægið og fer svona niður eins og ég fór.“ Brotþoli hafi verið ofan á handriðinu og með báða fætur handan við handriðið. Hafi ákærði rifið í hár brotþola og kýlt hana. Ákærði hafi ekki ætlað sér að forða því að brotþoli færi fram af svölunum. Kvaðst brotþoli hafa upplifað það þannig að ákærði hafi ýtt við brotþola þannig að hún myndi detta fram af svölunum. Brotþoli greindi frá því við aðalmeðferð málsins að hún hafi í framhaldinu fallið stjórnlaust til jarðar fyrir neðan svalirnar en það næsta er hún

myndi eftir að ákærði hafi rifið í hár hennar hafi verið er hún hafi legið á jörðinni neðan svala. Hafi brotþoli ekki upplifað atburði þannig að ákærði hafi verið að reyna að bjarga brotþola. Hafi hún lent á hliðinni, en það megi rekja til athafna ákærða. Brotþoli kvaðst aldrei áður hafa orðið eins hrædd um líf sitt og í íbúðinni umrætt sinn. Þó svo hún hafi búið með ákærða í mörg ár áður en þau hafi slitið samvistum hafi hún aldrei áður séð ákærða eins æstan og þennan dag. Brotþoli kvaðst hafa verið lengi að jafna sig eftir þá áverka er hún hafi fengið. Væri hún enn með verki í úlnið. Andlegt ástand hennar hafi verið slæmt eftir atvikið. Brotþoli kvað um ár hafa liðið frá sambandsslitunum þar til atvikið að Sandavaði hafi átt sér stað. Hafi hún aldrei gefið ákærða það til kynna eftir sambandsslitin að hún hefði hug á því að þau myndu byrja saman á nýjan leik.

B kvaðst hafa farið með brotþola að heimili ákærða umræddan dag, en brotþoli hafi ætlað að ná í hunda á heimili ákærða. Hafi brotþoli óskað eftir því að B kæmi með sér þennan dag en brotþoli hafi verið hrædd við ákærða. Væru þær tvær vinkonur. B hafi beðið úti í bifreið á meðan brotþoli hafi farið inn. B kvaðst ekki hafa séð brotþola fara inn í íbúðina til ákærða. Að ákveðnum tíma liðnum hafi henni fundist of langt um liðið síðan brotþoli fór inn í íbúðina. Hafi hún því hringt í síma brotþola. Skellt hafi verið á símtalið en það hafi B fundist skrytið. Hafi hún því hringt á ný en þá verið slökkt á símanum. Hafi hún þá farið út úr bifreiðinni og að íbúð ákærða. Er hún hafi ætlað að knýja dyra hafi hún séð síma brotþola og lykla fyrir utan dyr íbúðarinnar. Hafi hún þá knúið dyra en enginn svarað. Eftir að hafa knúið dyra um stund hafi henni verið litið niður og til hliðar og þá séð brotþola alblóðuga þar sem maður hafi haldið henni uppi. Brotþoli hafi öll verið lemstruð. Er B hafi spurt brotþola um hvað hafi komið fyrir hafi brotþoli öll verið titrandi. Hafi hún tjáð henni að ákærði hafi fleygt henni fram af svölunum. Brotþoli hafi verið mjög hrædd og í sjokki. Brotþoli hafi lýst fyrir henni atburðarásinni inni í íbúðinni. Hringt hafi verið á lögreglu og sjúkralið sem komið hafi á vettvang skömmu síðar. B kvaðst ekki getað áttað sig nákvæmlega á því hve lengi brotþoli hafi verið í íbúðinni með ákærða. Gæti það hafa verið í um 15 til 20 mínútur. B gaf skýrslu hjá lögreglu vegna málsins 15. júní 2010. Var hún þá sérstaklega spurð út í það hvernig brotþoli hafi lýst því á hvern hátt hún hafi farið fram af svölunum. Bar B að brotþoli hafi lýst því þannig að hún hafi ætlað fram af svölunum þar sem hún hafi óttast að ákærði myndi ganga frá henni. Hafi brotþoli ætlað fram af svölunum þegar ákærði hafi komið að og reynt að draga hana til baka, en þá hefði hún dottið.

Ólafur Bragi Ólafsson kvaðst búa í íbúð við hlið íbúðar ákærða í fjöleignarhúsinu að Sandavaði 11 í Reykjavík. Hafi Ólafur verið nýkominn heim til sín að Sandavaði 11 fimmtudaginn 31. desember 2009 er hann hafi heyrt einhver læti, öskur og eins og einhver væri að hlaupa um íbúð og síðan hurðaskelli. Erfitt hafi verið að átta sig á hvaðan hljóðin hafi komið, en ekki væri neitt sérstaklega hljóðbært á milli íbúða. Um 20 til 30 mínútum síðar hafi honum fundist eins og hann heyrði einhvern hrópa á hjálp og því hafi hann farið út á svalir íbúðarinnar en ekkert séð. Hafi hann farið inn en þá aftur heyrt hrópað. Hafi hann aftur farið út en þá séð brotþola alblóðuga fyrir utan húsið. Greinilegt hafi verið að hún hafi fallið niður af svölum og lent á milli tveggja stórra blómapotta á jörðinni fyrir neðan. Hafi Ólafur farið til hennar en hún verið í sjokki og sagst vera hrædd. Hafi hún beðið Ólaf um að fara ekki frá sér. Hafi Ólafur látið eiginkonu sína hringja á sjúkrahúsið og lögreglu á meðan hann hafi hlúð að brotþola. Ólafur kvaðst ekki hafa þekkt brotþola. Þá kvaðst hann ekki þekkja ákærða neitt sérstaklega.

Jóhann Ragnar Júlíusson kvað ákærða hafa komið upp í íbúð til sín fimmtudaginn 31. desember 2009 og tjáð sér að brotþoli hafi fleygt sér fram af svölum í íbúð ákærða. Hafi ákærði spurt Jóhann að því hvort hann fengi ekki bifreið Jóhanns lánaða. Hafi Jóhann svarað því játandi. Í framhaldinu hafi ákærði farið á brott. Hafi Jóhann farið að gæta að brotþola en þá séð að einhverjir einstaklingar hafi verið komnir að henni. Hafi hann því ákveðið að blanda sér ekkert í það mál frekar. Er lögregla hafi komið á staðinn hafi Jóhann tjáð lögreglumönnum að ákærði væri farinn á brott. Hafi Jóhann hleypt lögreglu inn í íbúð ákærða, en Jóhann hafi verið með lykla að íbúðinni. Jóhann kvaðst hafa þekkt bæði ákærða og brotþola frá fyrri tíð. Jóhann kvað íbúð ákærða vera fyrir neðan sína íbúð. Hafi hann ekki heyrt neinn hávaða frá íbúð ákærða áður en ákærði hafi komið upp til Jóhanns.

Lögreglumennirnir Gunnar Scheving Thorsteinsson, Karl Hjartarson og Sigurður Pétursson staðfestu þátt sinn í rannsókn málsins. Staðfestu lögreglumennirnir allir að brotþoli hafi verið í mjög miklu uppnámi og mjög hrædd er lögreglumenn hafi komið á staðinn.

Herbert Arnarson læknir á slysa- og bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss staðfesti læknisvottorð sitt í rannsóknargögnum málsins og gerði nánari grein fyrir einstökum atriðum í því. Herbert kvað brotþola að öllum líkindum hafa fallið á vinstri hlið er hún hafi fallið fram af svölunum og með vinstri hendi undir sig. Skurður á enni hennar hafi sennilega komið til vegna fallsins. Brotþoli ætti að öllum líkindum að jafna sig að fullu eftir meiðslin.

Ingi Karl Reynisson læknir á slysideild Sjúkrahúss Akraness staðfesti læknisvottorð sitt í rannsóknargögnum málsins og gerði grein fyrir einstökum atriðum í því. Fram kom að áverkar neðan við auga hafi samrýmst því að vera eftir hnefahögg. Brotþoli hafi verið aum yfir hálsvöðvum og með mar yfir upphandlegg. Það mar hafi samrýmst gripi eða hnefahöggi á þann stað. Þá hafi brotþoli verið með áverka um hné innan- og framanvert. Ekki væri unnt að útiloka með öllu að þeir áverkar sem greinst hafi á brotþola hafi komið til vegna fallsins, þó svo áverkarnir hafi komið heim og saman við frásögn brotþola.

Niðurstaða:

Ákærða er gefið að sök ólögmet nauðung og sérstaklega hættuleg líkamsárás með því að hafa fimmtudaginn 31. desember 2009, inni í íbúð að Sandavaði 11 í Reykjavík, haldið brotþola nauðugri og veist að henni með því að rífa í hár hennar, að hafa slegið hana margsinnis í andlit og líkama, að hafa sparkað í fætur hennar og hótad henni lífláti og líkamsmeiðingum. Er brotþoli hugðist flýja íbúðina er ákærða gefið að sök að hafa rífið í hár hennar og að hafa slegið hana með þeim afleiðingum að hún féll 4 metra fram af svölum íbúðarinnar og niður á verönd íbúðar á jarðhæð. Við þetta hlaut brotþoli framhandleggs- og úlnliðsbrot, spjaldbeinsbrot, mjaðmarbeinsbrot, skurð á enni, mar neðan við hægra auga og víðsvegar um líkamann.

Ákærði hefur játað að hafa beitt brotaþola ólögumætri nauðung umrætt sinn en neitar sök að því er varðar líkamsárás. Hefur hann lýst því að hann hafi beitt brotaþola ofbeldi með því að hafa gripið í brotaþola er brotaþoli var við inngang að íbúð ákærða, að hafa dregið hana inn í íbúðina og að hafa haldið henni þar. Við þessar aðfarir sé ekki loku fyrir það skotið að ákærði hafi gripið í hár brotaþola, þó svo aðgerðir ákærða hafi miðað við að grípa í öxl hennar eða kraga á yfirhöfn. Við atganginn hafi brotnað úr rimlagardínu í forstofu íbúðarinnar. Við yfirheyrslur hjá lögreglu bar ákærði að mar við hægra auga hafi sennilega komið við það er ákærði dró brotaþola inn í íbúðina. Ákærði ber að brotaþoli hafi kastað sér fram af svölum íbúðarinnar. Hafi ákærði reynt að varna því og í því skyni gripið í brotaþola, en ekki náð að halda henni er brotaþoli hafi misst tak á svalahandriði. Hafi ákærði einungis náð taki aftan í yfirhöfn hennar, en takið ekki verið nægjanlegt til að varna því að brotaþoli félli niður af svölunum.

Frásögn brotaþola af atvikum hefur verið með þeim hætti að ákærði hafi umrætt sinn gripið í brotaþola og dregið hana inn í íbúðina. Hafi hann strax beitt hana ofbeldi með því að slá henni utan í skáp í anddyri. Hún hafi fallið í gólfid og ákærði sest yfir hana. Hafi hann slegið hana þrisvar sinnum í andlitið. Þá hafi hann tekið hana kverkataki með báðum höndum. Inni í íbúðinni hafi hann bæði sparkað í fætur hennar auk þess sem hann hafi með boxhanska á hendi slegið hana í líkamann. Einnig hafi hann hóttað henni lífláti og líkamsmeiðingum en brotaþoli hefur m.a. borið að ákærði hafi sagst ætla að klippa af henni hárið. Hafi ákærði verið búinn að taka til bæði skæri og rakvél. Brotaþoli hafi komist út á svalir en ákærði náð henni og dregið hana aftur inn í íbúðina. Er ákærði hafi verið í eldhúsi íbúðarinnar að ná sér í vatn hafi brotaþoli séð sér færi á að hlaupa út um svaladyrnar á nýjan leik með það í huga að komast fram af svölunum. Hafi hún metið það sem svo að hún gæti farið yfir handriðið og látið sig síga niður þar sem einungis 4 metrar hafi verið frá handriðinu og niður á jörð. Ekki er fullt samræmi í frásögn brotaþola af því sem gerðist næst, svo sem hér verður gerð grein fyrir. Er brotaþoli lýsti atvikum fyrir rannsóknarlögreglumanni þennan dag bar hún að hún hafi komist upp á svalahandriðið. Ákærði hafi í því náð brotaþola, rífið í hár hennar og kýlt hana í andlitið. Hafi brotaþoli náð að rífa sig lausa en við það misst jafnvægið og dottið fram af svölunum. Þar sem hún hafi ekki verið í jafnvægi hafi hún ekki náð að stýra fallinu. Er brotaþoli gaf skýrslu hjá lögreglu 26. október 2010 bar hún að ákærði „nær í rassgatið á mér, rífur í hárið á mér og kýlir mig. Ég missi jafnvægið og fer svona niður eins og ég fór.“ Fyrir dómi við aðalmeðferð málsins bar brotaþoli að hún hafi verið ofan á handriðinu og með báða fætur handan við handriðið. Hafi ákærði rífið í hár brotaþola og kýlt hana. Ákærði hafi ekki ætlað sér að forða því að brotaþoli færi fram af svölunum. Kvaðst brotaþoli hafa upplifað það þannig að ákærði hafi ýtt við brotaþola þannig að hún myndi detta fram af svölunum. Loks hefur B borið um á hvern veg brotaþoli hafi greint henni frá þessu atviki, en í framburði B við yfirheyrslur hjá lögreglu kom fram að brotaþoli hafi borið að hún hafi ætlað fram af svölunum þar sem hún hafi óttast að ákærði myndi ganga frá henni. Hafi ákærði komið að og reynt að draga hana til baka, en þá hefði hún dottið.

Við mat á niðurstöðu er til þess að líta að atburðarásina í íbúðinni að Sandavaði verður að virða heildstætt. Framburður brotaþola hefur að mati dómsins verið trúverðugur um meginatriði málsins, þó svo tiltekins misræmis gæti varðandi atlögu ákærða að brotaþola á svalahandriðinu. Frásögn brotaþola af atvikum fær

stoð í sönnunargögnum málsins. Þannig ber brotþoli að hún hafi óttast ákærða og því fengið vinkonu sína með í för að Sandavaði. Það atriði hefur B staðfest. Þá liggja fyrir vísbendingar um að átök hafi átt sér stað í íbúðinni en rimlagardína í forstofu íbúðarinnar var brotin. Ákærði hefur viðurkennt að hafa beitt brotþola líkamlegu ofbeldi, en hann hefur viðurkennt að hafa dregið hana með líkamlegu ofbeldi inn í íbúðina. Þá fær sá framburður brotþola að ákærði hafi hótad henni því að klippa af henni hárið stoð í því að rannsóknargögn málsins leiða í ljós að skærum og rakvél hafði verið komið á borði í stofu íbúðarinnar. Einnig bar brotþoli að ákærði hafi sótt vatn í glas í eldhúsi er brotþoli hafi lagt á flóttu, en vatnsglas var við vask í eldhúsi og var það að hluta til uppi á brún vasksins. Bendir það til þess að viðkomandi hafi lagt glasið frá sér í flýti. Tvö læknisvottorð í rannsóknargögnum málsins greina frá þeim líkamlegu áverkum er brotþoli hlaut greint sinn. Fyrir liggur að megináverkana hlaut brotþoli við fallið fram af svölunum. Áverkavottorð Inga Karls Reynissonar læknis tilfærir hins vegar áverka sem ólíklegt verður að telja að hafi hlotist af fallinu af svölunum, þar sem þeir eru að stofni til á hægri hlið brotþola, sem við fallið féll á vinstri hlið. Áverkarnir eru samkvæmt læknisvottorði mar neðan við hægra augað sem samkvæmt vottorðinu samrýmst hnefahöggi, mar yfir upphandleggsvöðva hægri handar og tvö minni á upphandlegg sem gætu samrýmst hnefahöggi og mar yfir hægri framhandlegg sem einnig getur samrýmst hnefahöggi. Þá tilgreinir vottorðið mar innanvert á hægra hné sem getur samrýmst fótsparki. Loks var hún með eymsli í hálsvöðvum. Þegar þessi atriði málsins eru virt er að mati dómsins komin fram lögfull sönnun þess að ákærði hafi með líkamlegu ofbeldi veist að brotþola inni í íbúðinni um leið og hann hélt henni þar nauðugri.

Þegar framhald málsins er virt verður að líta til þeirrar stöðu brotþola að ákærði hafði haldið henni nauðugri í íbúðinni og beitt hana líkamlegu ofbeldi, auk þess sem hann hafði hótad henni. Verður byggt á þeirri trúverðugu staðhæfingu brotþola að hún hafi óttast um líf sitt í íbúðinni. Við þessar aðstæður mat brotþoli það svo að eina flóttaleið hennar væri út um svalahurðina og niður af svölunum. Ákærða og brotþola ber saman um að brotþoli hafi rokið skyndilega út úr íbúðinni og út á svalir. Hafi hún verið komin yfir svalahandriðið er ákærði hafi náð henni. Eftir það ber ákærða og brotþola ekki saman um atvik. Á meðan ákærði heldur því fram að hann hafi ætlað að varna því að brotþoli færi fram af svölunum með því að grípa eða þrífa í brotþola ber brotþoli ýmist að ákærði hafi lamið brotþola og rifið í hár hennar eða að hann hafi náð í hana og hún fallið er hún hafi náð að rífa sig lausa eða loks að ákærði hafi ýtt brotþola fram af svölunum. Eins og áður er rakið hefur ákærði synjað fyrir að hafa rifið í hár brotþola á svölunum eða að hafa slegið hana. Þegar það er virt og hliðsjón höfð af því að framburður brotþola er ekki skýr um þetta efni verður ákærði sýknaður af því að hafa rifið í hár brotþola á svölunum eða að hafa slegið hana. Hvað sem þessu misræmi í framburðum líður verður ekki fram hjá því litið að brotþoli átti þess kost að fara fram af svölunum. Þannig áformaði brotþoli að lát sig síga niður af svölunum og komast þannig ósködduð niður. Athafnir ákærða, annað hvort að grípa í brotþola eða þrífa í hana, er líkamleg valdbeiting. Dómurinn telur nægjanlega liggja fyrir með framburði ákærða sjálfs og brotþola, sem stutt er læknisvottorði Herberts Arnarssonar læknis, að líkamlega valdbeiting ákærða hafi valdið því að brotþoli féll af svölunum án þess að geta stýrt fallinu og hafnaði á veröndina fyrir neðan á vinstri hlið líkamans með vinstri hendi undir líkamanum. Ákærða gat ekki dulist að mikil hætta var á því að brotþoli yrði fyrir miklu líkamlegu tjóni beitti hann hana líkamlegu valdi við þær sérstaklega hættulegu aðstæður er hún var komin í fyrir

utan svalahandriðið. Þetta ofbeldi ákærða var sérstaklega hættuleg líkamsárás og verður ákærði því sakfelldur samkvæmt ákæru fyrir brot gegn 225. gr. og 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940.

Ákæra 28. janúar 2011.

Miðvikudaginn 24. nóvember 2010 mætti brotaþoli á lögreglustöð og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir hótanir. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að brotaþoli hafi greint frá því að þennan sama morgun hafi hún farið inn á „Facebook“ samskiptasíðuna sína en í innhólfi hafi verið póstur frá „Hender Ollusoon“, sem hafi verið síða sem ákærði hafi stofnað þar sem brotaþoli hafi verið búin að „blokka“ nafn ákærða frá öllum samskiptum við brotaþola á „Facebook“. Í póstinum komi fram að gengið verði frá brotaþola og bróður hennar, verði ekki borgaðar tvær milljónir króna inn á reikning í nafni ákærða. Í póstinum hafi komið fram reikningsnúmer og nafn ákærða. Fram kemur að útprentun úr pósthólfi brotaþola fylgi skýrslunni. Á meðal rannsóknargagna málsins á skjali merkt IV-1-1 er útprentun á tölvupósti er brotaþoli gerði grein fyrir og stafar frá „Hender Ollusoon“. Þá kom fram hjá brotaþola að móðir hennar, Stefanía G. Sigurðardóttir, hafi fengið sent nafnlaus skilaboð í síma sinn með boðum um að sonur hennar yrði limlestur fyrir að fyrirskipa árás á heimili ákærða. Yrði líf þeirra lagt í rúst. Þá greindi brotaþoli frá því að þennan sama dag hafi ákærði og tveir aðrir menn með honum komið á heimili brotaþola og sambýlismanns hennar, en fyrir á heimilinu hafi verið sonur sambýlismanns brotaþola. Hafi mennirnir gert grein fyrir því að brotaþoli yrði að borga umrædda peninga annars yrði henni nauðgað og hún síðan drepin. Hafi mennirnir verið hátt uppi, æstir og líklegir til alls. Af þeim ástæðum hafi verið togað í árásarhnapp frá Securitas á heimilinu og öryggisverðir komið á vettvang. Við það hafi ákærði og fylgdarmenn hans farið af staðnum. Í skýrslunni kemur fram að brotaþoli hafi óttast mjög um líf sitt og öryggi. Hafi komið fram hjá henni að „ástandið“ hafi farið versnandi frá því í desember 2008, er hún hafi slitið sambandi sínu við ákærða. Þyrði hún ekki orðið út úr húsi án verndar.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu vegna málsins 25. nóvember 2010. Þá gaf hann skýrslu við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Ákærði kvaðst hafa beðið félaganna sinn um að aðstoða sig í tilefni af því að brotaþoli og sambýlismaður hennar hafi ráðist inn á heimili ákærða og lagt þar allt í rúst. Hafi ákærði einfaldlega viljað fá þær skemmdir bættar. Hafi félaginn átt að aðstoða ákærða við að innheimta bætur vegna skemmdanna. Ákærði kvaðst ekki sjálfur hafa sent skilaboð samkvæmt 1. tl. ákæru. Félagi ákærða hafi hins vegar fengið símanúmer Stefaníu G. Sigurðardóttur frá ákærða. Félaginn hafi sent skilaboðin heiman frá ákærða úr tölvu ákærða. Ekki hafi ákærði vitað nákvæmlega hvernig félaginn hafi orðað skilaboðin. Skilaboðin hafi verið send því ákærði hafi orðið fyrir morðtilraun og hafi hann verið heppinn að komast undan árásarmönnum. Ákærði kvaðst ekki vilja nafngreina þann félaganna sinn sem sent hafi skilaboðin, en hann vilji ekki blanda öðrum í þetta mál. Ákærði kvaðst viðurkenna að hafa sent skilaboð samkvæmt 2. tl. ákæru. Ekki hafi verið um fjárkúgun að ræða. Hafi ákærði einfaldlega verið að biðja um að fá greiddar tvær milljónir króna sem greiðslu vegna skemmda, auk þess sem félagi ákærða sem hafi verið að aðstoða ákærða hafi viljað fá einhverja þóknun fyrir sinn hlut. Talan hafi

svo sem ekki verið neitt „heilög“, ákærði hafi í reynd viljað fá í sinn hlut eina milljón króna, auk þess sem félaginn hafi viljað fá sína þóknun. Ákærða hafi verið greiddar 500 þúsund krónur og hafi sú greiðsla sennilega komið frá sambýlismanni brotaþola. Í skýrslutöku hjá lögreglu 25. nóvember 2010 kvaðst ákærði kannast við að tveir menn á hans vegum hafi farið að heimili brotaþola 24. nóvember 2010. Ekki vildi hann nafngreina mennina. Þá bar hann að skilaboð hafi verið send úr tölvu ákærða, að undirlagi hans, í síma móður brotaþola, um að sonur hennar yrði limlestur fyrir að fyrirskipa árás á heimili ákærða og að líf þeirra yrði lagt í rúst.

Brotapoli kvaðst hafa fengið skilaboð á „Facebook“ samskiptasíðu sína sem um getur í 2. tl. ákæru. Kvaðst hún hafa tekið umræddar hótanir alvarlega. Ekki kvaðst brotapoli kannast við að hafa greitt ákærða fjármuni í kjölfar hótananna. Ekki hafi henni verið kunnugt um ástæðu þess að ákærði hafi sent henni umrædd skilaboð. Þá kvaðst brotapoli ekki kannast við einhverja árás á heimili ákærða. Brotapoli kvaðst hafa fengið skilaboð frá einhverjum manni daginn fyrir aðalmeðferð málsins. Hafi maðurinn komið þeim skilaboðum áleiðis að allt yrði vitlaust ef mál ákærða fyrir dóminum gengi ákærða í óhag. Tveim vikum fyrir aðalmeðferðina hafi tveir menn komið að máli við brotaþola og sagt að það hefði slæmar afleiðingar fyrir brotaþola ef dómur félli ákærða í óhag.

Stefanía G. Sigurðardóttir, móðir brotaþola, kvaðst hafa fengið sendar hótanir samkvæmt 1. tl. ákæru. Hótunin hafi falið það í sér að sonur hennar yrði limlestur fyrir að fyrirskipa árás á heimili ákærða og að líf þeirra yrði lagt í rúst. Hafi Stefanía sýnt lögreglu umrædd skilaboð. Hafi hún talið að ákærði hafi sent boðin, en það hafi hún ályktað í ljósi þess er á undan hafi gengið í samskiptum brotaþola og ákærða. Hafi Stefaníu liðið skelfilega við að fá boðin og hún nánast lamast af hræðslu. Skilaboðin hafi hún tekið alvarlega, en henni hafi fundist allt eins líklegt að ákærði myndi láta verða af hótununum.

Einar Ásbjörnsson lögreglumaður staðfesti þátt sinn í rannsókn málsins og gerði grein fyrir einstökum þáttum í henni. Hafi Einar m.a. tekið skýrslu af ákærða þar sem ákærði hafi kannast við að hafa staðið að baki sendingu hótunar samkvæmt 1. tl. ákæru. Hafi ákærði lýst því að skilaboðin hafi tengst innbroti hjá ákærða. Stefanía Sigurðardóttir hafi sýnt Einari skilaboð í síma sínum 864-4520 en um sé að ræða skilaboðin samkvæmt 1. tl. ákæru. Hafi Einar skráð skilaboðin niður í lögregluskýrslu.

Niðurstæða:

Ákærði hefur viðurkennt að skilaboð samkvæmt 1. tl. ákæru hafi verið send úr tölvu á heimili ákærða 23. nóvember 2010. Hefur hann fyrir dómi ekki viljað nafngreina þann einstakling er sent hafi boðin. Fyrir lögreglu viðurkenndi ákærði að skilaboðin hafi verið send að undirlagi ákærða. Til þess er að líta að skilaboð þessi voru send í tilefni af því að ákærði leit svo á að brotapoli og aðilar honum tengdir hefðu ráðist inn á heimili ákærða og valdið honum miklu eignatjóni. Hefur hann viðurkennt að hafa kafið brotaþola um bætur vegna atburðarins. Til að aðstoða ákærða við innheimtu fjáris hafi hann fengið til liðs við sig ónafngreinda einstaklinga. Þegar til atvika í aðdraganda sendingarinnar er litið og hliðsjón höfð af játningu ákærða fyrir lögreglu telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að

ákærði hafi látið senda skilaboð samkvæmt þessum ákærulið. Sá sem veitti skilaboðunum viðtöku hefur lýst því að skilaboðin hafi vakið hjá henni ótta um líf hennar, heilbrigði og velferð, sem og sonar. Með hliðsjón af því verður ákærði sakfelldur samkvæmt 1. tl. ákæru og er háttsemin rétt heimfærð til refsíákvæða í ákærunni.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 24. nóvember 2010 sent brotþola skilaboð samkvæmt 2. tl. ákæru með samskiptaforritinu Facebook. Hefur hann synjað fyrir að í skilaboðunum hafi falist tilraun til fjárkúgunar. Þegar efni umræddra skilaboða er virt og hliðsjón höfð af framburði brotþola í málinu verður ekki við annað miðað en að í þeim hafi falist tilraun til fjárkúgunar. Samkvæmt því verður ákærði sakfelldur samkvæmt þessum tölulið ákæru og er háttsemin rétt heimfærð til refsíákvæða í ákærunni.

Ákærði er fæddur í apríl 1976. Á árinu 1994 var hann dæmdur í 8 mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940. Þá var hann dæmdur í 3ja ára fangelsi 2001 fyrir brot gegn 173. gr. a laga nr. 19/1940. Loks var hann dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi 2003 fyrir nytjastuld. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir ólögmæta nauðung, sérstaklega hættulega líkamsárás, hótun og tilraun til fjárkúgunar. Brotin voru alvarleg og á hann sér engar málsbætur. Þá verður framferði ákærða eftir atburðinn virt honum til refsipýngingar, en hann m.a. yfirgaf vettvang strax í kjölfar atburðarins og hugaði ekki að ástandi brotþola, sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940. Með hliðsjón af því, sbr. og 1., 2., 5. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. og 77. gr. laga nr. 19/1940 er refsing ákærða ákveðin fangelsi í 2 ár.

Réttargæslumaður hefur fh. brotþola krafist skaðabóta úr hendi ákærða vegna atburðarins 31. desember 2009. Er krafist bóta að fjárhæð 1.222.968 krónur, auk vaxta. Bæði er gerð krafa um miska að fjárhæð 1.000.000 krónur og þjáningabætur að fjárhæð 61.740 krónur. Að því er varðar kröfu um miska er vísað til þess að verknaðurinn hafi valdið brotþola miklum þjáningum, eymslum og vanlíðan í marga daga. Að auki hafi brotþoli orðið fyrir miklu andlegu áfalli enda óttast mjög um líf sitt. Hafi brotþoli fengið áfallahjálp og þurfi líklega sálfræðimeðferð í framhaldi af henni. Um lagarök er vísað til 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Með vísan til niðurstöðu um sakfellingu fyrir ólögmæta nauðung og sérstaklega hættulega líkamsárás er það niðurstaða dómsins, að virtum framburði brotþola og vitna um andlegt ástand brotþola í kjölfar atburðarins, að framferði ákærða hafi valdið brotþola miska. Á hún rétt á skaðabótum vegna háttsemi hans á grundvelli 26. gr. laga nr. 50/1993. Í ljósi atvika málsins eru bætur þessar hæfilega ákveðnar 800.000 krónur.

Að því er varðar kröfu um þjáningabætur er gerð krafa um 7 rúmlegudaga og 28 veikindadaga, en brotþoli hafi verið rúmfastur í viku. Hafi brotþoli verið í hjólastól í tvær vikur. Þá hafi brotþoli verið í gipsi á vinstri hendi og þjádst af miklum verkjum og eymslum. Gerð er krafa um 28 veikindadaga, eða frá því brotþoli var ekki lengur rúmföst og til þess tíma er skaðabótakrafan var rituð 4. febrúar 2010. Um lagarök er vísað til 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1993.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. skaðabótalaga getur tjónþoli krafist bóta fyrir þjáningar vegna líkamstjóns á tímabilinu frá því að tjónið varð og þar til ekki er að vænta frekari bata. Því skilyrði verður jafnframt að vera fullnægt að tjónþoli hafi verið veikur á umræddu tímasteiði. Um það verður að taka mið af læknisfræðilegu mati á líkamlegu ástandi tjónþola, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar í dómasafni 1998, bls. 1976. Frá þessum áskilnaði má þó víkja eftir 2. málslíð 1. mgr. 3. gr. laganna ef sérstaklega stendur á og dæma tjónþola þjáningabætur þótt hann hafi ekki verið veikur í þeim skilningi, sem hér um ræðir.

Í málinu nýtur ekki við læknisfræðilegra gagna um að brotþoli geti hafa talist veik í skilningi 1. mgr. 3. gr. skaðabótalaga í kjölfar árásar áfrýjanda. Hins vegar er nægilega fram komið að brotþoli hafi mátt þola nokkrar þjáningar af meiðslum sínum, auk þess að hún var á tímabili í gífsi á hendi vegna áverka, sem hún hlaut við árásina. Þá liggur fyrir að hún hlaut spjaldbeinsbrot og mjaðmarbeinsbrot. Verður litið svo á að fullnægt sé skilyrðum 2. málslíðar 1. mgr. 3. gr. skaðabótalaga til að dæma brotþola þjáningabætur vegna samtals 7 daga rúmliggjandi og 28 veikindadaga, svo sem hún hefði verið veik án þess að vera rúmliggjandi. Samkvæmt kröfugerð brotþola, sem hefur ekki sætt andmælum að þessu leyti, nema þjáningabætur í heildina 61.740 krónum. Verður á þær fallist. Fjárhæð dæmdra skaðabóta ber vexti eins og í dómsorði greinir. Skipaður réttargæslumaður kom fyrst að málinu við meðferð þess fyrir dómi, en annar lögmaður ritaði skaðabótakröfu fyrir brotþola. Af þeim sökum verður ákærði dæmdur til að greiða brotþola 75.300 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði allan sakarkostnað samkvæmt yfirliti lögreglustjóra um sakar kostnað, ásamt tildæmdum málsvarnarlaunum og þóknun réttargæslumanns brotþola, hvorutveggja að viðbættum virðisaukaskatti, sem í dómsorði greinir.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Dröfn Kærnested aðstoðarsaksóknari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingvar Árni Ingvarsson, sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði greiði A, 861.740 krónur í skaðabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 31. desember 2009 til 13. febrúar 2011, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga af fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags. Ákærði greiði A, 75.300 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði 694.900 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðjóns Ólafs Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 502.000 krónur, og þóknun til réttargæslumanns brotþola, Katrínar Theódórsdóttur héraðsdómslögmanns, 125.500 krónur.

Simon Sigvaldason

Kristjana Jónsdóttir

Pétur Guðgeirsson